

**Starfsreglur svæðisskipulagsnefndar og samkomulag sveitarfélaganna um svæðisskipulag**

T-póstur

Málsnúmer: USK2021080032

Bréfalyklar: 3.1 Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins

Eigandi skjals: Ásdís Baldursdóttir

Staða: Í vinnslu

Dagsetningar:

Búið til: 18.08.2021

Dagsetning skjals: 18.08.2021

Upplýsingar um viðskiptavin:

Netfang: Ivar.Vincent.Smarason@reykjavik.is

Skjalalykill	3.1 Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins	Málsnúmer	USK2021080032
Móttökudags.	18.08.2021	Skráð í GoPro	18.08.2021

Viðtakandi	Sendandi
Deild (Ráðhúss)	Fyrirtæki/stofnun
Starfsmaður	Nafn
	Kennitala:

Tegund skjals	T-póstur	Fyrir Borgarráð
Efnisorð		

Sent:

Sent til:

Notandi: Ivar.Vincent.Smarason@reykjavik.is

Dagsetning: 18.8.2021 13:56:53

Til: "USK Þjónustu netfang" <usk@reykjavik.is>

Efni: Fw: FW: Starfsreglur svæðisskipulagsnefndar og samkomulag sveitarfélaganna um svæðisskipulag

Sæl

Meðfylgjandi bréf Samtaka sveitarféлага á höfuðborgarsvæðinu, dags. 9. ágúst 2021, varðandi starfsreglur svæðisskipulagsnefndar og samkomulag sveitarfélaganna um svæðisskipulag er sent umhverfis- og skipulagssviði til meðferðar og borgarfulltrúum til kynningar. Vakin er athygli á að óskað er eftir tilnefningu tveggja varamanna í Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins eigi síðar en 6. september nk. Tilnefningin þarf að eiga sér stað á vettvangi skipulags- og samgönguráðs.

Kveðja,

Ívar Vincent Smárason
Skrifstofa borgarstjórnar
Ráðhús Reykjavíkur
s. 411 4703

Ivar.Vincent.Smarason@reykjavik.is

Notandi: "Borgarráðsgögn" <borgarradsgogn@reykjavik.is>

Dagsetning: 16.8.2021 10:46:29

Til: "Ráðhús skjalasafn" <radhus@reykjavik.is>

Efni: FW: Starfsreglur svæðisskipulagsnefndar og samkomulag sveitarfélaganna um svæðisskipulag

From: Samtök sv.félaga á hb.svæðinu <ssh@ssh.is>

Sent: mánudagur, 9. ágúst 2021 16:11

To: Borgarráðsgögn <borgarradsgogn@reykjavik.is>; Dagur B Eggertsson <dagur.b.eggertsson@reykjavik.is>; Borgarstjórinn í Reykjavík <borgarstjori@reykjavik.is>

Subject: Starfsreglur svæðisskipulagsnefndar og samkomulag sveitarfélaganna um svæðisskipulag

Góðan dag,

Meðfylgjandi óskast tekið til umræðu og afgreiðslu á vettvangi sveitarfélagsins, sbr. fylgibréf.

Meðfylgjandi eru drög að nýju samkomulagi sveitarfélaganna um svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins, sem eru lögð fram til umræðu og afgreiðslu en þess er óskað að framkvæmdastjóra sveitarfélagsins verði falið fullt og ótakmarkað umboð til undirritunar þess.

Þá eru meðfylgjandi nýjar starfsreglur Svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins, sem samþykktar voru á 101. fundi nefndarinnar hinn 11. júní sl. Þess er óskað að starfsreglurnar verði lagðar fram til staðfestingar á vettvangi sveitarfélagsins. Jafnframt er farið fram á tilnefningu sveitarfélagsins á tveimur varamönnum í Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins, sbr. 2. gr. starfsreglna hennar.

Er þess óskað að undirrituð verði upplýst um afgreiðslu málsins þegar hún liggur fyrir.

[IMAGE]



- Fylgibréf - svæðisskipulag RVK.pdf



- Samkomulag um svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins Drög.pdf



- Starfsreglur svæðisskipulagsnefndar 11062021.pdf



- image002.png



Borgarráð Reykjavíkur
Dagur B. Eggertsson
Ráðhús Reykjavíkur
Tjarnargata 11
101 Reykjavík

Kópavogur, 9. ágúst 2021.
Málsnr. 2102006
PBG/HH

Efni: Starfsreglur svæðisskipulagsnefndar og samkomulag sveitarfélaganna um svæðisskipulag

Á 527. fundi stjórnar SSH, hinn 5. júlí 2021, var ofangreint til umræðu og eftirfarandi bókað í fundargerð:

Starfsreglur svæðisskipulagsnefndar / málsnr. 2102006

Fyrirliggjandi er bréf frá svæðisskipulagsstjóra höfuðborgarsvæðisins, dags. 21. júní 2021, þar sem fram kemur að á 101. fundi svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins hafi nýjar starfsreglur nefndarinnar verið samþykktar samhljóða og vísað til umsagnar Skipulagsstofnunar. Umsögn stofnunarinnar liggur nú fyrir án athugasemda og eru nýjar starfsreglur lagðar fram til kynningar. Unnið er nú að nýju samkomulagi milli sveitarfélaganna um svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins sem tekur m.a. mið af nýjum starfsreglum og breyttum aðstæðum. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH kynnir framangreint.

Niðurstaða fundar:

Drög að nýju samkomulagi um svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins verði fullunnin af lögfræðingi SSH í samráði við svæðisskipulagsstjóra og send stjórn til samþykktar þegar þau liggja fyrir. Í kjölfarið verði þau send sveitarfélögunum til umræðu og afgreiðslu auk þess sem nýjar starfsreglur verði sendar sveitarfélögunum til staðfestingar og óskað eftir tilnefningu varamanna í Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins til samræmis við nýjar starfsreglur. Jafnframt verði sveitarfélögunum boðið upp á kynningar um framangreint sé þess óskað.

Meðfylgjandi eru nýjar starfsreglur Svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins, sem nefndin hefur sett sér í samræmi við 4. mgr. 9. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Þá hefur, í samræmi við sama ákvæði, umsagnar Skipulagsstofnunar verið aflað og gerir stofnunin ekki athugasemdir við hinar nýju starfsreglur. Starfsreglurnar eru hér lagðar fram til staðfestingar, en jafnframt áréttað að það er nefndin sjálf sem setur starfsreglur innan ramma þeirra laga og reglna sem um starfsemi hennar gilda. Nýjar starfsreglur nefndarinnar eru afrakstur af vinnu nefndarinnar í kjölfar athugasemda sem gerðar voru við eldri starfsreglur hennar á aðalfundi SSH 2020.

Einnig eru meðfylgjandi drög að nýju samkomulagi sveitarfélaganna um svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins. Því er fyrst og fremst ætlað að taka á fyrirkomulagi og skipulagi



(svæðisskipulagsnefnd, hýsingu, umsýslu og kostnaðarskiptingu) til að ramma inn þá lagaskyldu sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu að hafa svæðisskipulag í gildi. Þá var nauðsynlegt að gera breytingar á eldra samkomulagi til samræmis við starfsreglurnar, auk þess sem stefnt var að því að einfalda samkomulagið en núgildandi samkomulag frá 24. ágúst 2012 ber þess merki að hafa verið gert í aðdraganda gerðar núgildandi svæðisskipulags. Gert er ráð fyrir því að eldra samkomulag ásamt viðaukum við það falli úr gildi samhliða gildistöku hins nýja samkomulags. Í eldri viðaukum var að finna atriði sem hafa nú verið nánar útfærð þeim í þeim sex leiðarljósum, 17 markmiðum og 142 aðgerðum sem ramma inn gildandi svæðisskipulag. Einnig hafa þau verið útfærð í þeim framfylgdar- og innleiðingarplönnum sem er gert ráð fyrir, eins og fjögurra ára þróunaráætlun, gerð ferðavenjukannana, vefsíða SSH, samstarfs við aðliggjandi landshluta o.s.frv. Er því ekki talið að þörf sé á ítarlegri umfjöllun um þessi atriði í viðaukum samkomulags sem fyrst og fremst er ætlað að kveða á um fyrirkomulag, hýsingu, og kostnað svæðisskipulags og svæðisskipulagsnefndar. Svæðisskipulaginu sjálfu er hins vegar ætlað að kveða á um framtíðarsýn höfuðborgarsvæðisins og skipulagsmarkmið. Eru drögin lögð fram til umræðu og afgreiðslu sveitarfélagsins og þess óskað að framkvæmdastjóra þess verði falið fullt og ótakmarkað umboð til að undirrita samkomulagið.

Einnig er farið fram á tilnefningu tveggja varamanna í Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins, sbr. 2. gr. starfsreglna hennar, og 1. mgr. 9. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skulu þeir eiga sæti í sveitarstjórn eða skipulagsnefnd sveitarfélagsins eða starfa sem framkvæmdastjóri eða skipulagsfulltrúi þess. Þess er óskað að tilnefningar berist á netfangið ssh@ssh.is eigi síðar en 6. september nk.

Vinsamlegast hafið samband við Hildigunni Hafsteinsdóttur lögfræðing SSH, hildigunnur@ssh.is, eða Jón Kjartan Ágústsson svæðisskipulagsstjóra höfuðborgarsvæðisins, jon@ssh.is, sé óskað frekari kynningar eða upplýsinga um framangreint.

Virðingarfyllst,
Fyrir hönd SSH

Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri

Meðfylgjandi:

- Starfsreglur svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins, samþykktar á fundi nefndarinnar 11. júní 2021.
- Drög að samkomulagi um svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins.

Samkomulag um svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins

Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu: Garðabær, Hafnarfjarðarkaupstaður, Kjósarhreppur, Kópavogsbær, Reykjavíkurborg, Mosfellsbær og Seltjarnarnesbær (sveitarfélögin), gera með sér svohljóðandi samkomulag um svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins í samræmi við ákvæði 2. mgr. 22. gr. skipulagslaga nr. 123/2010:

1. gr.

Markmið svæðisskipulags

Svæðisskipulag er skipulagsáætlun sveitarfélaganna þar sem sett er fram sameiginleg stefna um byggðaðþróun og þá þætti landnotkunar sem talin er þörf á að samræma vegna sameiginlegra hagsmuna þeirra, sbr. 1. mgr. 21. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins er gengið út frá því að höfuðborgarsvæðið sé eitt búsetusvæði, einn atvinnu- og húsnæðismarkaður, með sameiginleg grunngerfi, útivistarsvæði, auðlindir, útmörk, landslag og náttúru. Markmiðið er að fyrir liggja á hverjum tíma metnaðarfullt svæðisskipulag fyrir höfuðborgarsvæðið þar sem sett er fram sameiginleg stefna um hagkvæma og sjálfbæra þróun nútímalegs borgarsamfélags með vistvænu skipulagi samgangna, með hagsmunum heildarinnar að leiðarljósi. Ítarlega umfjöllun um gerð svæðisskipulags og fyrirkomulag við afgreiðslu og kynningu þess er að finna í skipulagslögum nr. 123/2010, og reglugerðum settum með stoð í þeim, sér í lagi í 3. kafla skipulagsreglugerðar nr. 90/2013. Sveitarfélögin skuldbinda sig til að umgangast staðfest svæðisskipulag af festu og virðingu og við gerð aðalskipulags sveitarfélaganna og endurskoðun þeirra skal byggja á stefnumörkun svæðisskipulagsins.

2. gr.

Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins

Samkvæmt 9. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 skal starfrækt Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins sem hefur það hlutverk að vinna að tillögu að svæðisskipulagi og sjá um framfylgd og breytingar á gildandi svæðisskipulagi. Nefndin skal skipuð tveimur fulltrúum frá hverju sveitarfélagi og jafnmörgum til vara og skal skipa þá að loknum hverjum sveitarstjórnarkosningum.

Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins starfar eftir sérstökum starfsreglum sem hún hefur sett sér á grundvelli 4. mgr. 9. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Fer að öðru leyti um störf svæðisskipulagsnefndar eftir ákvæðum skipulagslaga nr. 123/2010 svo og reglugerðum settum með stoð í þeim.

3. gr.

Umsýsla og starfsmannahald

Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins er hýst af Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) sem annast jafnframt skjalavörslu og fjárreiður hennar. Með svæðisskipulagsnefnd starfar þá sérstakur starfsmaður SSH, svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins. Helstu verkefni svæðisskipulagsstjóra eru að hafa umsjón með og bera ábyrgð á stjórnarsýsluþætti svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins, undirbúa fundi svæðisskipulagsnefndar í samráði við formann hennar, taka við þeim erindum sem nefndinni berast, annast miðlun upplýsinga og tölfræðilega úrvinnslu, annast áætlanagerð vegna vinnu við svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins, hafa umsjón með útboðum og samningum vegna vinnu ráðgjafa og verktaka sem taka þátt í vinnu við svæðisskipulagið, annast gerð og framkvæmd fjárhagsáætlunar og samskipti við aðildarsveitarfélög svæðisskipulagsins, stofnanir, hagsmunaaðila og aðra

aðila sem koma þurfa að vinnu sem tengist úrvinnslu og framkvæmd svæðisskipulagsins. Að öðru leyti annast svæðisskipulagsstjóri þau verkefni sem honum eru falin af SSH eða svæðisskipulagsnefnd.

4. gr.

Kostnaðarskipting

Kostnaður við gerð svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins greiðist til helminga af Skipulagssjóði og hlutaðeigandi sveitarfélögum í samræmi við 2. tölul. 18. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Annar kostnaður vegna svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins, þ.e. kostnaður SSH vegna umsýslu og reksturs svæðisskipulagsins, þ.á.m. laun svæðisskipulagsstjóra, laun nefndarmanna í Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins, skrifstofu- og fundakostnaður svo og kostnaður vegna aðkeyptrar vinnu og þjónustu greiðist úr sameiginlegum sjóði sem aðildarsveitarfélögin skulu mynda í þessu skyni.

Árlegur kostnaður vegna starfa nefndarinnar skiptist milli sveitarfélaganna í hlutfalli við íbúafjölda 1. desember næstliðins árs.

Kostnaður vegna breytinga sem afmarkast við einstök sveitarfélög, undirbúningur þeirra og kynning, greiðist af viðkomandi sveitarfélagi. Ekki er gert ráð fyrir að vinnuframlag einstaka stofnana innan sveitarfélaganna, s.s. vegna gagnaöflunar og samræmingarvinnu verði reikningsfært heldur beri hvert sveitarfélag kostnað vegna þess.

Svæðisskipulagsnefnd skal setja fram starfs- og fjárhagsáætlun fyrir hvert starfsár og leggja fyrir aðildarsveitarfélögin til samþykktar tímanlega vegna gerðar fjárhagsáætlana sveitarfélaganna hverju sinni.

5. gr.

Gildistaka og síðari breytingar

Samkomulag þetta hefur verið samþykkt af öllum hlutaðeigandi sveitarstjórnnum og tekur þegar gildi.

Síðari breytingar eða viðaukar við samkomulag þetta skulu lagðar fyrir sveitarstjórnir hlutaðeigandi sveitarfélaga og taka gildi þegar allar hlutaðeigandi sveitarstjórnar hafa samþykkt þær.

Samhliða gildistöku samkomulags þessa fellur úr gildi eldra samkomulag um svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins, dags. 24. ágúst 2012, ásamt viðaukum við það.

Kópavogi XX.XXX 2021

F.h. Garðabæjar,

F.h. Hafnarfjarðarbæjar,

F.h. Kópavogsbæjar,

F.h. Kjósarhrepps,

F.h. Mosfellsbæjar,

F.h. Reykjavíkurborgar,

F.h. Seltjarnarnesbæjar,

STARFSREGLUR

fyrir Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins.

1. gr.

Svæðisskipulagsnefnd

Í samræmi við ákvæði 1. mgr. 9. gr. og 2. mgr. 22. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og í samræmi við samkomulag sveitarfélaganna frá 6. september 2021 hafa sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu: Garðabær Hafnarfjarðarkaupstaður, Kjósarhreppur, Kópavogsbær, Mosfellsbær, Reykjavíkurborg og Seltjarnarnesbær komið á fót svæðisskipulagsnefnd. Svæðisskipulagsnefnd annast vinnslu, kynningu og afgreiðslu svæðisskipulags undir yfirstjórn hlutaðeigandi sveitarstjórna sbr. ákvæði 3. mgr. 22 greinar skipulagslaga nr. 123/2010.

Heiti nefndarinnar er Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins. Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) hýsa nefndina, og annast skjalavörslu og fjárreiður hennar.

2. gr.

Skipan nefndarinnar

Að loknum hverjum sveitarstjórnarkosningum skal hvert sveitarfélag skipa tvo fulltrúa og tvo til vara í svæðisskipulagsnefnd.

Kjörgengir eru þeir sem eiga sæti í sveitarstjórn eða skipulagsnefnd viðkomandi sveitarfélags eða starfa sem framkvæmdastjóri eða skipulagsfulltrúi þess.

Fulltrúar þess sveitarfélags sem síðast fór með formennsku í svæðisskipulagsnefnd boða, í samráði við svæðisskipulagsstjóra, til fyrsta fundar svæðisskipulagsnefndar að loknum sveitarstjórnarkosningum.

Á fyrsta fundi svæðisskipulagsnefndar að loknum sveitarstjórnarkosningum kýs nefndin sér formann og varaformann úr hópi nefndarmanna.

3. gr.

Hlutverk nefndarinnar

Hlutverk svæðisskipulagsnefndar er að fjalla um og afgreiða breytingar á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins, annast reglubundna heildarendurskoðun og vinna nýtt svæðisskipulag fyrir höfuðborgarsvæðið, annast kynningu þess og afgreiðslu. Einnig er það hlutverk svæðisskipulagsnefndar að fylgjast með þróun og framfylgd gildandi svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins og þeirrar sýnar, leiðarljósa, markmiða og aðgerða sem þar koma fram.

Fer um störf svæðisskipulagsnefndar eftir ákvæðum skipulagslaga nr. 123/2010 svo og reglugerða settra með stoð í þeim og eru skipulagsákvæðin svæðisskipulagsnefndar háðar samþykki allra hlutaðeigandi sveitarstjórna.

4. gr.

Fundir nefndarinnar

Fundi svæðisskipulagsnefndar skal halda eins og þurfa þykir en að jafnaði eigi sjaldnar en á tveggja mánaða fresti og tilkynnt skal um fyrirhugaðan fundartíma með a.m.k. viku fyrirvara. Fundir skulu boðaðir með rafrænum hætti með a.m.k. þriggja daga fyrirvara og skal dagskrá fundarins fylgja fundarboði. Fundarboði skulu jafnframt fylgja þau gögn sem heyrja undir hvern dagskrárlið og eru nauðsynleg svo nefndarmönnum sé fært að taka upplýsta afstöðu til þeirra mála sem tilgreind eru í dagskrá.

Á fundum sínum skal svæðisskipulagsnefnd fjalla um erindi sem henni berast frá aðildarsveitarfélögum og varða framfylgd svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins. Svæðisskipulagsnefnd skal einnig fjalla um erindi sem henni berast frá öðrum hagaðilum og varða framfylgd svæðisskipulags.

Óski nefndarmaður þess að fá tiltekið mál tekið fyrir á fundi svæðisskipulagsnefndar skal hann senda svæðisskipulagsstjóra, og formanni, eða eftir atvikum varaformanni, upplýsingar um málið, auk

nauðsynlegra gagna, a.m.k. tveimur dögum fyrir fyrirhugaðan fund. Telji formaður, eða eftir atvikum varaformaður, ekki rétt að taka umrætt mál fyrir á fundi nefndarinnar, enda heyri það ekki undir hlutverk eða valdsvið hennar, skal það tilkynnt viðkomandi nefndarmanni með skriflegum hætti a.m.k. degi fyrir fyrirhugaðan fund. Heimilt er þá að bera það undir fundinn hvort málið skuli tekið fyrir undir dagskrárlið um önnur mál, en er þá áskilið samþykki allra fundarmanna.

Fundur er lögmætur og ályktunarhæfur ef helmingur nefndarmanna, eða varamenn þeirra, sækir fund og formaður eða varaformaður eru þeirra á meðal. Sjái nefndarmaður sér ekki fært að mæta á fund svæðisskipulagsnefndar skal hann tilkynna formanni svæðisskipulagsnefndar, eða eftir atvikum varaformanni, og svæðisskipulagsstjóra um forföll sín og óska eftir boðun varamanns í sinn stað. Sé nefndarmaður vanhæfur til afgreiðslu tiltekins máls skal hann yfirgefa fund meðan afgreiðsla þess stendur yfir. Rísi ágreiningur um vanhæfi skal efna til atkvæðagreiðslu um vanhæfið. Varði mál sérstaklega hagsmuni ákveðins sveitarfélags umfram önnur, en hvorugur fulltrúa þess, eða eftir atvikum varamenn þeirra, sitja fund, er skylt samkvæmt beiðni þeirra að fresta afgreiðslu þess.

Formaður, eða varaformaður í forföllum hans, stýrir fundi. Heimilt er, samkvæmt ákvörðun formanns, eða eftir atvikum varaformanns, hverju sinni, að halda fundi svæðisskipulagsnefndar með fjarfundabúnaði, enda séu aðstæður með þeim hætti að það sé nauðsynlegt.

Leitast skal við að ná samkomulagi um sem flestar ákvarðanir og afgreiðslur svæðisskipulagsnefndar, takist það ekki ræður afl atkvæða. Hver nefndarmaður, eða eftir atvikum varamaður hans, fer með eitt atkvæði.

Fundargerðir skulu ritaðar á fundum svæðisskipulagsnefndar og staðfestar af fundarmönnum á fundi eða í kjölfar hans. Nefndarmenn eiga rétt á því að fá bókaðar stuttar athugasemdir í fundargerð um afstöðu sína til einstakra mála. Fundargerðir skulu sendar hlutaðeigandi sveitarstjórnnum.

Sérstakt fagráð, sem skipað er skipulagsfulltrúum sveitarfélaganna og/eða staðgenglum þeirra, starfar með svæðisskipulagsstjóra og svæðisskipulagsnefnd. Svæðisskipulagsstjóri kallar fagráðið saman eftir þörfum milli funda svæðisskipulagsnefndar. Hlutverk þess er að veita ráðgjöf vegna erinda sem berast svæðisskipulagsnefnd, gerð breytinga á svæðisskipulagi og gerð nýs svæðisskipulags og eftir atvikum önnur verkefni sem svæðisskipulagsnefnd felur því. Svæðisskipulagsstjóri stýrir fundum fagráðs. Fundargerðir skulu ritaðar á fundum fagráðs og lagðar fyrir fundi svæðisskipulagsnefndar.

5. gr.

Svæðisskipulagsstjóri

Með svæðisskipulagsnefnd starfar sérstakur starfsmaður SSH, svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins.

Svæðisskipulagsstjóri hefur umsjón með gerð svæðisskipulags, sinnir ráðgjöf henni tengdri og heldur utan um starf svæðisskipulagsnefndar.

Svæðisskipulagsstjóri undirbýr, í samráði við formann svæðisskipulagsnefndar, fundi svæðisskipulagsnefndar skv. 4. gr. og situr fundina með málfrelsi og tillögurétt. Þá ritar hann, eða eftir atvikum annar aðili sem fundarstjóri felur þann starfa, fundargerðir svæðisskipulagsnefndar, og annast kynningu á afgreiðslum nefndarinnar samkvæmt þeim.

Þá tekur svæðisskipulagsstjóri við þeim erindum sem svæðisskipulagsnefnd berast milli funda og sér um afgreiðslu þeirra, eftir atvikum í samráði við formann eða varaformann í forföllum hans, séu erindi þess eðlis að ekki er nauðsynlegt að taka þau til dagskrár á fundi svæðisskipulagsnefndar.

Helstu verkefni svæðisskipulagsstjóra eru að öðru leyti þau að hafa umsjón með og ábyrgð á stjórnsýsluþætti svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins, annast áætlanagerð vegna vinnu við svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins sem og vegna viðhalds, úrvinnslu og framfylgdar svæðisskipulagsins, hafa umsjón með útboðum og samningum vegna vinnu ráðgjafa og verktaka sem taka þátt í vinnu við svæðisskipulagið, annast gerð og framkvæmd fjárhagsáætlunar og samskipti við aðildarsveitarfélög svæðisskipulagsins, stofnanir, hagsmunaaðila og aðra aðila sem koma þurfa að vinnu sem tengist úrvinnslu og framkvæmd svæðisskipulagsins. Að öðru leyti annast svæðisskipulagsstjóri þau verkefni sem honum eru falin af SSH eða svæðisskipulagsnefnd.

6. gr.

Kostnaður við störf nefndarinnar o.fl.

Kostnaður við gerð svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins greiðist til helminga af Skipulagssjóði og hlutaðeigandi sveitarfélögum í samræmi við 2. tölul. 18. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Annar kostnaður vegna svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins, þ.e. kostnaður SSH vegna umsýslu og reksturs svæðisskipulagsins, þ.á.m. laun svæðisskipulagsstjóra, laun nefndarmanna og kostnaður vegna ljósrita, prentunar og kynninga og annar fundarkostnaður, svo og kostnaður vegna aðkeyptrar vinnu og þjónustu greiðist úr sameiginlegum sjóði sem aðildarsveitarfélögin skulu mynda í þessu skyni.

Árlegur kostnaður vegna starfa nefndarinnar skiptist milli sveitarfélaganna í hlutfalli við íbúafjölda 1. desember næstliðins árs.

Kostnaður vegna breytinga sem afmarkast við einstök sveitarfélög, undirbúningur þeirra og kynning, greiðist af viðkomandi sveitarfélagi. Ekki er gert ráð fyrir að vinnuframlag einstaka stofnana innan sveitarfélaganna, s.s. vegna gagnaöflunar og samræmingarvinnu verði reikningsfært heldur beri hvert sveitarfélag kostnað vegna þess.

Svæðisskipulagsnefnd skal setja fram starfs- og fjárhagsáætlun fyrir hvert starfsár og leggja fyrir aðildarsveitarfélögin til samþykktar tímanlega vegna gerðar fjárhagsáætlana sveitarfélaganna hverju sinni.

7. gr.

Gildistaka

Starfsreglur þessar, sem unnar voru af Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins og sendar til umsagnar Skipulagsstofnunar í samræmi við 4. mgr. 9. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, voru samþykktar á 101. fundi nefndarinnar hinn 11. júní 2021, hafa einnig hlotið staðfestingu allra hlutaðeigandi sveitarstjórna og öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 6. september 2021

f.h. Svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins,

Helga Hauksdóttir, formaður

Gunnar Einarsson
Bæjarstjóri Garðabæjar

Haraldur Sverrisson
Bæjarstjóri Mosfellsbæjar

Karl M. Kristjánsson
Sveitarstjóri Kjósarhrepps

Dagur B. Eggertsson
Borgarstjóri Reykjavíkurborgar

Ármann Kr. Ólafsson
Bæjarstjóri Kópavogsbæjar

Ásgerður Halldórsdóttir
Bæjarstjóri Seltjarnarnesbæjar

Rósa Guðbjartsdóttir
Bæjarstjóri Hafnarfjarðar